

Hættið bólusetningum við covid-19, segir Retsef Levi

Er það ekki tímanna tákni, að sú fræðigrein, sem flestir fjölmiðla í veröldinni hafa sótt sannleik í um veirufárið, sé þantað svindl frá sóttvarnaryfirvöldum Bandaríkjanna? Ritstjóri hennar var meira að segja sjálfur æðsti veiruprestur Bandaríkjanna og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (World Health Organization), Anthony Fauci, og aðalhöfundur hennar, Kristian G. Andersen, starfsmaður sama heiðursmanns.

Hver lygin hefur rekið aðra um rannsóknir á tilurð veirunnar, áhrif hennar, meinvíðbrögð hinna bólusettu, þar sem hjarta- og krabbamein eru árberandi, andlát af völdum bólusetninga og víðbrögð yfirvalda – og hagsmunatengsl við framleiðendur.

Það fjölgar stöðugt í hópi marktækra sérfræðinga, sem vara við bólusetningum, bæði við covid-19 bóluefnum og öðrum bólusetningum, sem lyfjaiðnaðurinn þrýstir á um. Það heyrast stöðugt háværi kröfur vammlausra vísindamanna og almennings um afhjúpun leyniskjala, leyniaðgerða stjórnvalda og hagsmunatengsla þeirra.

Krafist er skýringa á sviptingu lýðrættinda og njósnum. Það er víða, sem pottur í brotinn í því efni. Norska leynilögreglan skráir andmælendur bólusetninga, rétt eins og leyniþjónusta Ísraels, Kanada, Bandaríkjanna og víðar. Veirunjósnir voru stundaðar á Íslendingum á tímabili. Hvað varð um þau gögn?

Stjórnvöld auka sífelld eftirlit með þegnum. Heilbrigðiskerfið býr nú þegar yfir viðkvæmum upplýsingum og yfirvöld dómsmála herða stöðugt róðurinn með tilliti yfir vöktunar og eftirlits með almenningi, sem og heimilda handa lögreglu til notkunar ofbeldisbúnaðar. Hvað skráir íslenska „leynilögreglan“ í raun?

Samtímis auknu eftirliti ríkisvaldsins herðir alþjóðaaudvaldið og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin takið á þjóðum heims. Hún er hvergi nærri af baki dottin við þá ráðagerð, að öðlast alræði yfir heilsu manna í veröldinni.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lætur heldur ekki sitt eftir liggja við að viðhalda blekkingum um faraldurinn, sem hún ýtti úr vör. Hún hefur nú samið handbók um, hvernig megi fela afleiðingar bólusetninga og þeirra viðbragða, sem hún stjórnaði.

Stofnunin óttast, að þegar fólk sjái í gegnum bólusetningalygarnar, muni það rísa öndvert gegn yfirvöldum, sem hafa misst allan trúverðuleika.

Þessi merka handbók heitir: „Bólusetningakreppuhandbókin – þrepskiptar leiðbeiningar um þjóðlegar ónæmisáætlanir“ (Vaccine Crisis Communication Manual – a step-by-step guidance for national immunization programmes). Markmiðið með handbókinni er að leiðbeina stjórnvöldum við að endurreisa traust þegnanna á bólusetningum.

Í nýlegri grein, „Hvernig sjúklingar létust fyrir gróða“ (How COVID Patients Died for Profit), segir bandaríski læknirinn, Joseph Mercola, á þessa leið:

Þegar í maí 2020 var ljóst, að sú lækning að stinga sjúklingum í öndunarvél, stappaði nærri dauðadómi í sjálfu sér. Á bilinu 50 til 86% covid-sjúklinga, sem fengu þessa meðferð, létust. Í sama mánuði höfðu læknar komist að því, að súrefnisholpípa í nefi, meðan sjúklingur lág á grúfu (cannulas and proning), var árangursríkari aðgerð en öndunarvél. Það var hugmynd Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, að með öndunarvél mætti takmarka loftúðasmít og vernda þannig aðra sjúklinga og starfsmenn. Með öðrum orðum var sjúklingum fórnað til að vernda aðra. Þegar þess er gætt, að margir covid-sjúklingar voru sjúkdómsgreindir á grundvelli ómarktæks, jákvæðs PCR prófs, verður þessi lækning enn þá rangsnúnari fyrir bragið. Sjúkrahúsin (í Bandaríkjunum) fengu auk þess dágóðar tekjur af því að sjúkdómsgreina fólk með covid-19 veiruna og stinga þeim í öndunarvél.

Ísraelskur sérfræðingur um lyfjaöryggi, Retsef Levi, segir:

Bólusetningum „á að hætta, því þær hafa í för með sér fordæmalaust tjón, þar með talin andlát barna og unglunga. ... Sannanir eru ríkulegar og órækar, þess efnis, að mRNA bóluefnin hafi í för með sér alvarlegt tjón [...], sérstaklega meðal hinna ungu.“

https://steigan.no/2023/02/har-jeg-lost-en-folkehelseinstituttgate/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.nature.com/articles/s41591-020-0820-9>

<https://brownstone.org/articles/biomedical-security-state-british-edition/>

https://steigan.no/2023/02/representantenes-hus-i-usa-vedtok-lov-som-avslutter-to-ar-med-grunnlovsstridig-maktovergrep/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/02/og-na-er-jeg-ogsa-dette-en-ekstremist/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://brownstone.org/articles/the-west-must-never-again-go-totalitarian/>

<https://expose-news.com/2023/02/02/ardern-caused-33x-increase-excess-deaths-with-mandatory-covid-vaccination/>

<https://brownstone.org/articles/amendments-who-ihp-annotated-guide/>

<https://brownstone.org/articles/covid-insider-farrar-and-his-eugenics-agenda/>

<https://brownstone.org/articles/it-all-began-with-fear/>

<https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/352029/WHO-EURO-2022-3471-43230-60590-eng.pdf>

<https://expose-news.com/2023/02/02/investigation-into-bhf-for-suppression-data/>

<https://mail.google.com/mail/u/0/#trash/FMfcgzGrcPPGWpNZdNxbCkVMzHfPSTnB>

<https://www.hartgroup.org/joint-open-letter-to-charity-commission/>

<https://www.hartgroup.org/an-independent-review-of-vaccine-safety-is-urgently-required/>

<https://www.hartgroup.org/we-rightly-mourn-the-dead-but-mustnt-forget-the-disabled/>

<https://nyheter.swebbtv.se/professor-israel-morklagger-information-om-vaccinets-biverkningar/>

<https://twitter.com/DrAseemMalhotra/status/1619943713874259974>

<https://mail.google.com/mail/u/0/#inbox/FMfcgzGrcPPGFFMzlrZNRsMhNnNwXRXq>

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/02/02/covid-lab-leak.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1ReadMore&cid=20230202&cid=DM1338917&bid=1710655680

https://articles.mercola.com/sites/articles/archive/2023/02/01/how-covid-patients-died-for-profit.aspx?ui=50823ccf152775dc8e8154c0ff79da522ef0aa959b384df904857f2fc49c6730&sd=20221129&cid_source=dnl&cid_medium=email&cid_content=art1HL&cid=20230201_HL2&cid=DM1338276&bid=1709638840

<https://nyheter.swebbtv.se/professor-vaccinet-det-storsta-fiaskot-nagonsin-maste-stoppas-omedelbart/>

<https://twitter.com/DrAseemMalhotra/status/1619943713874259974>

https://twitter.com/RetsefL/status/1619945525670981632?ref_src=twsrc%5Etfw